

Nemendaráð Naustaskóla

2. fundur skólaárið 2011-2012

Dagsetning: 13. október 2011

Mættir; Hrannar Þór 9.b, Brynjar 8.b., Uglu 7.b., Freyr 6.b., Guðný Birta 5. bekk ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

Snakk- og bíódagur. Farið yfir framkvæmd snakk- og bíódagsins og stungið upp á myndum til að horfa á.

Skólafatnaður. Rætt um hvort áhugi sé meðal nemenda á að bjóða að nýju til kaups peysur og boli með merki skólans. Ræddir nýir möguleikar á þessu sviði s..s að fá peysur frá Henson. Nemendaráð var á því að "gömlu" peysurnar og bolirnir væru besti kosturinn. Skólastjóri mun ýta því máli áfram ásamt ritara skólans.

Félagsmiðstöð. Umræður um félagsmiðstöðina, sérstaklega opnanir fyrir miðstigið. Umsjónarmenn félagsmiðstöðvarinnar hafa fallist á að tvískipta opnuninni fyrir miðstigið og hafa einnig opið fyrir nemendur í 4. bekk, þannig verði sérstök opnun fyrir 4.-5. bekk og önnur fyrir 6.-7. bekk.

Samlokugrill. Borist hefur gjöf frá Foreldrafélaginu, þ.e. samlokugrill til afnota fyrir elstu nemendurna.

Næsti fundur áætlaður í þarnæstu viku..